

Samkvæmt grein M.B.303 í viðauka I við reglugerð (EB) nr. 2042/2003 um áframhaldandi lofthæfi loftfara og annarrar framleiðsluvara, hluta og búnaðar til flugs og um samþykki fyrir fyrirtækjum og starfsfólki á þessu sviði, sem öðlaðist gildi hér á landi með reglugerð nr. 206/2007 um viðvarandi lofthæfi loftfara og flugtæknilegra framleiðsluvara, hluta og búnaðar og um samþykki fyrir viðhaldsstöðvum og starfsfólki á þessu sviði, ber Flugmálastjórn Íslands (FMS) skylda til að framkvæma úrtakskannanir á lofthæfi loftfara sem eru á skrá hjá FMS. Í grein M.A.201 sömu reglugerðar kemur fram að eigandi loftfars ber ábyrgð á áframhaldandi lofthæfi loftfars nema að loftfarið sé leigt, en þá flyst ábyrgð eigandans til leigutakans enda sé leigutakinn tilgreindur á skásetningarskjalinu eða það sé tekið fram í leigusamningnum.

Skýrir þetta ástæður þess að FMS framkvæmir úttektir á loftförum notuðum til einkaflugs og hvers vegna FMS er í samskiptum við eiganda eða leigutaka vegna slíkra úttekta.

Hér að neðan eru útskýringar til handa eiganda/leigutaka loftfars um verkferlið og þátt hans í því ferli. Þegar vísað verður til „eiganda“ á það jafnt við eiganda eða leigutaka eftir því sem við á

## Verkferlið

Í kjölfar úttektar FMS á loftfari notuð til einkaflugs mun FMS afhenda þeim aðila sem tók á móti skoðunarmanni FMS bráðabýrðarskýrslu um niðurstöðu úttektarinnar. Í henni kemur fram hugsanleg frávik sem upp hafa komið ásamt því að ef einhver frávik eru þess eðlis að bregðast þurfi við þeim áður en loftfarið fer í frekar flug mun það koma fram í þeirri skýrslu. Að nokkrum dögum liðnum mun eigandi loftfarsins fá senda loka úttektarskýrslu. Í þeirri úttektarskýrslu kemur fram hvað var skoðað og loka niðurstaða úttektarinnar ásamt frávikum sem eigandinn þarf að svara ef einhver séu.

Ef engin frávik komu upp í úttektinni er ferlinu lokið með útgáfu úttektarskýrslu. Hins vegar ef frávik voru skráð í úttektinni þarf eigandi loftfarsins að bregðast við þeim á viðeigandi hátt.

## Frávik

### Flokkun frávika

Frávik flokkast í tvö flokka, stig 1. og stig 2.

Frávik sem flokkast sem stig 1. fellur undir þá skilgreiningu að um mikilvægt atriði sé að ræða sem ekki sé í samræmi við reglugerð nr. 206/2007 og þarf eigandinn að bregðast við með viðeigandi ráðstöfunum áður en loftfarið fer í frekar flug.

Frávik sem flokkast sem stig 2. fellur undir þá skilgreiningu að atriðið sé ekki í samræmi við reglugerð nr. 206/2007. Gefur sú skilgreining eiganda loftfarsins tækifæri á því að fljúga loftfarinu áfram kjósi hann þess þar til að frávikur hefur verið lokað svo lengi sem frávikinu er lokað innan þeirra tímamarka sem FMS gefur fyrir lokuninni.

## Brugðist við fráviki

Eigandi loftfarsins þarf að nálgast eyðublað á heimasíðu FMS sem heitir „Skýrsla um úrbætur (fyrir einkaflug)“ og er númer LHD-201.

Á eyðublaðinu þarf að svara tveimur atriðum:

- Hver er undirliggjandi ástæða þess að frávikið sé til staðar og hvað verður gert til að koma í veg fyrir að frávikið endurtaki sig
- Hvað eigandinn hefur gert svo hægt sé að loka því.

Eyðublaðið er fyllt út þegar eigandinn hefur framkvæmt viðeigandi ráðstafanir, komist að niðurstöðu hver sé undirliggjandi ástæða fráviksins og hans viðbrögð til að koma í veg fyrir að frávikið endurtaki sig. Þarf eigandinn að leggja inn eyðublaðið með sinni undirskrift til FMS til samþykktar ásamt stoðgögnum sem sanna að búið sé að leiðrétta frávikið. Metur FMS þær úrbætur, stoðgögn og undirliggjandi ástæðu fráviksins ásamt því hvað eigandinn hefur lagt til að gera til að reyna að koma í veg fyrir að frávikið endurtaki sig. Ef mat FMS er að úrbætur og tillögur séu fullnægjandi þá samþykkir FMS lokun á frávikinum með því að kvitta fyrir samþykki stofnunninnar á eyðublaðið. Fær eigandinn sent það samþykki honum til staðfestinga. Ef FMS telur að úrbætur sé enn ábótavant eða ástæða fráviksins og viðbrögð við henni ekki fullnægjandi svarað þá hafnar FMS lokun fráviksins. Þarf þá eigandinn að vinna áfram að betrumbótum fráviksins þar til samþykki fæst.

## Dæmi um frávík

Í ljós kom í úttekt að eftir hreyfilskipti að seguláttaviti (compass) hefði ekki verið athugaður samkvæmt viðhaldsáætlun vélarinnar.

Eigandinn þarf þá að framkvæma úttekt á því hvers vegna seguláttavitinn var ekki skoðaður eins og viðhaldsáætlun kveður á um. Þegar eigandinn hefur fengið niðurstöðu úr sinni úttekt þá svara hann hvað hann hefur hug á að gera til að koma í veg fyrir að svipað frávík endurtaki sig. Eigandinn þarf einnig að láta framkvæma skoðun á seguláttavitanum. Öll þessi atriði þurfa að koma fram á eyðublaðinu þegar það er lagt inn til FMS til samþykktar ásamt ljósriti af útskrift flugvirkja á því að hann hafi framkvæmt athugun á seguláttavitanum sem stoðgagn því til sönnunar.

## Tímamörk

FMS ákveður tímamörk sem eigandinn hefur til að loka fráviki. Hvert frávík er metið sjálfstætt en þó er ekki gefið meira en 90 dagar.